

1692/holdbart

Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin
Fylgiskjal/-skjöl Umsagnir

Nefndarálit norrænu sjálfbærninefndarinnar um þingmannatillögu um bann við örplasti í snyrtivörum

Tillaga

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna
að þær leggi bann við örplasti í snyrtivörum og hreinlætisvörum.

Forsaga

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til „að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna að þær leggi bann við örplasti í snyrtivörum og hreinlætisvörum“.

Tillagan kemur í framhaldi af umræðu í norrænu sjálfbærninefndinni um áskoranir vegna plastúrgangs. Flokkahópur miðjumanna í Norðurlandaráði hefur áður lagt fram sambærilega tillögu sem hluta af þingmannatillögu A 1700/hállbart.

Aðdraganda tillögunnar er lýst á þá leið að „Plastmengun hefur slæm áhrif á heimshöfin og vistkerfi þeirra. Mengunarvaldar hafsins eru margir en einn sá helsti er örplastið. Örmsáar plastagnir er að finna í mörgum vörum og enda þær því í sjónum.“ Ennfremur að „Eitruð efnasambönd geta bundist örplasti og borist gegnum fæðukeðjuna. Ekki er örplast hreinsað úr skólpi alls staðar á Norðurlöndum. Örplast getur borist í skólpi sem notað er til áburðar í landbúnaði og því endað í matvælum. Það er grundvallarskoðun okkar að komast eigi fyrir upptök plastmengunar hafsins, þegar hjá framleiðendum svo framarlega sem unnt er.“

Bent er á að snyrtivörur eru aðeins ein uppspretta örplastmengunar, en aðrar eru hjólbarðar, málning og viðhald skipa og frístundabáta. Í tillögunni kemur fram að erfitt geti reynst til skemmri tíma litið að draga úr losun frá umræddum uppsprettum. Það á þó ekki við um snyrtivörur. Meðal annars er vísað til þess „að allri notkun örplasts hefur verið hætt í snyrtivörum dönsku verslanakeðjunnar Matas. Í staðinn fyrir örplast eru t.a.m. apríkósusteinar settir í skrúbbkrem sem keðjan framleiðir.“

Í röksemdafærslu tillögunnar er þess getið að margt stjórnmalafólk og aðrir hagsmunaaðilar á ýmsum stigum láti málið sig varða auk þess sem Umhverfisáætlun Sameinuðu þjóðanna



(UNEP) hafi á árinu 2015 beint þeim tilmælum til stjórnvalda að þau ynnu að því að hætt yrði notkun örplasts í snyrtivörur og hreinlætisvörur. Bann hefur verið sett í BNA og umhverfisráðherrar Norðurlanda hafa ákveðið að vekja athygli á vandanum á vettvangi ESB og SP. Flokkahópur jafnaðarmanna telur því ekkert til fyrirstöðu að Norðurlönd taki af skarið og setji bann. Fram kemur að rætt hafi verið lengi um vanda vegna örplasts og plastúrgangs almennt og hann rannsakaður án þess að brugðist hafi verið við vandanum með aðgerðum. Menn viðurkenna að tillagan muni ekki draga umtalsvert úr magni örplasts í sjónum, en undirstrika að „með banni eru ákveðin skilaboð send til alþjóðlegra fyrirtækja og löggjafa annarra landa, þar sem mengunaráhrif örplastsins eru tíunduð og hvatt til þess að stjórnmalafólk bregðist við og setji lög og reglur í þágu mannkyns og umhverfisins. Þar yrði fyrsta skrefið tekið til að draga úr mengun umhverfisins af völdum örplasts.

Umsagnir

Tillagan var sett í umsagnarferli og hafa eftirfarandi umsagnir borist:

Dansk Vask-, Kosmetik- og Husholdningsindustri (VKH), danskir hreinlætisvöruframleiðendur, geta þess að sterkar umhverfisáherslur félagsins geri það að verkum að félagsmenn séu leiðandi á markaði með umhverfismerktar vörur. Félagsmönnum hafi tekist að sneiða alfarið hjá örplasti í vörum sínum. VKH styður tillögu um að Norðurlönd taki af skarið í þessum málum.

Plastindustrien i Danmark, samtök plastframleiðenda í Danmörku, fagna almennt þeim aukna áhuga stjórnmalafólks á því að útrýma plasti í sjó, og geta þess að ennfremur beri að efla söfnun og endurnýtingu á plastúrgangi. Þá eigi örplast ekkert erindi í snyrtivörur því góðir valkostir séu fyrir hendi. Ekki er þó búist við að bann á Norðurlöndum breyti miklu. Vandinn er hnattrænn og því þurfi að heyja baráttuna á þeim vettvangi, til dæmis með ESB-löggjöf. Talsmenn plastiðnaðarins benda jafnframt á að þekkingu skorti á áhrifum örplasts á dýr og menn og hvernig þróa megi nýja tækni til að hreinsa örplast úr skólpi á skilvirkan hátt. Plastiðnaðurinn í Danmörku tekur virkan þátt í að efla þekkingu á þessu sviði.

Danmarks Naturfredningsforening, Náttúruverndarsamtök Danmerkur, styðja heils hugar bann við notkun örplasts í snyrtivörur. Samtökin vilja einnig beina athyglinni að örplasti sem berst úr hjólbörðum, málningu og viðhaldi á skipum, og plastögnum almennt sem myndast við notkun plastvöru og þvott á gerviefnum með trefjum úr örplasti. Samtökin óska eftir því að kannaðar verði afleiðingar þess að notuð er seyra sem inniheldur örplast til áburðar á ræktuðu landi.

Ålands Natur & Miljö, náttúru- og umhverfissamtök á Álandseyjum, styðja tillöguna og rök hennar. Þau benda á að álensk stjórnvöld hafa ákveðið að krefjast þess í opinberum innkaupum að ekkert örplast sé í snyrtivörum.

Landsstjórn Álandseyja tekur vel í tillöguna en bendir á að framkvæmd norræns banns verði ólík í löndunum og geti því aukið skrifinnsku. Því sé æskilegt að reglur verði settar á vettvangi ESB.



DTU Miljø (Nanna Bloch Hartmann, senior researcher á vatns- og umhverfistæknistofnun danska tækniháskólans) segir engar ótvíræðar sannanir vera fyrir því að örplast eigi þátt í að flytja eiturfefni, samanber áhyggjur af því að örplast í seyru frá hreinsunarstöðvum, sem notuð er til áburðar á ræktuðu landi, endi í matvælum. *DTU Aqua (Kristina Enders á vatnsauðlinda-stofnun danska tækniháskólans)* styður tillöguna en segir að hún eigi að vera þáttur í sameinuðu átaki með aðkomu almennings og hagsmunaaðila sem verði ESB til eftirbreytni.

Í svari danska *umhverfis- og matvælaráðuneytisins* kemur fram að Esben Lunde Larsen, umhverfisráðherra Danmerkur, hafi í fyrra sent framkvæmdastjóra ESB á sviði umhverfismála bréf þar sem hann hvetur til þess að sett verði bann við örplasti í snyrtivörum. Þá bendir ráðuneytið á að í skilgreiningu ESB á „snyrtivörum“ felist hvort tveggja snyrtivörur og hreinlætisvörur.

Umhvervisstovan í Færeyjum segist „fagna tillögunni um bann við örplasti í snyrtivörum“.

Kemikalieinspektionen, Efnaeftirlitið í Svíþjóð (KEMI), fagnar því að Norðurlöndin taki af skarið og hefji aðgerðir gegn örplasti í snyrtivörum þegar öruggir valkostir eru fyrir hendi. KEMI hefur lagt til við sænsk stjórnvöld að bann verði sett við snyrtivörum sem innihalda öreindir úr plasti.

Det Økologiske Råd, Vistfræðiráðið í Danmörku og umhverfissamtökin *Plastic Change* leggja áherslu á að endanlegt bann verði sett á vettvangi ESB. Mælt er með að Norðurlönd leggist á eitt um að ná því markmiði. Í svari samtakanna eru gefin nokkur ráð til að tryggja að bann hafi raunveruleg áhrif.

Samtök atvinnulífsins á Íslandi styðja markmið tillögunnar en benda á að tilskilinn árangur náist eingöngu með alþjóðlegu samstarfi. Einnig er óskað eftir því að afleiðingarnar verði kannaðar.

Samtök iðnaðarins á Íslandi eru ekki mótfallin hugmyndinni um bann við örplasti í snyrtivörum á Íslandi.

Umhverfisstofnunin á Íslandi mælir með því að örplast í snyrtivörum verði bannað sem fyrst og vísar í því sambandi til þess að Bandaríkjamenn hafa þegar sett bann og að Frakkar ráðgera bann frá janúar 2018.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna sjálfbærnefndin skráir hjá sér það sem fram kemur í umsögnum plastframleiðenda um að örplast eigi ekki erindi í snyrtivörur þar sem góðir valkostir eru fyrir hendi.

Nefndin skráir hjá sér athugasemdir um að skilgreining ESB á snyrtivörum eigi bæði við um snyrtivörur og hreinlætisvörur. Svo tekin séu af öll tvímæli telur nefndin að nefna skuli ein níg „hreinlætisvörur“ í textanum. Nefndin skráir hjá sér ábendingar margra um að þörf sé á að afmarka og skilgreina, eigi bann að geta orðið að veruleika. Nefndin væntir þess að norrænu löndin muni eiga samstarf um þetta þegar tilmælin koma til framkvæmdar.



Nefndin tekur eftir því að örplast í snyrtivörum er ein uppspretta mengunar af völdum örplasts en aðrar séu hjólbarðar, málning og viðhald skipa og frístundabáta. Því skal unnið áfram að lausn vandans og er nefndin reiðubúin til þess.

Nefndin tekur einnig eftir ábendingum margra þess efnis að um hnattrænan vanda er að ræða og því skuli unnið að lausn hans hjá ESB og á hnattrænum vettvangi. Nefndin telur að þrátt fyrir losun á Norðurlöndum sé lítil á heimsvísu geti sameiginlegt bann landanna orðið öðrum til eftirbreytni og vakið athygli stjórnmalafólks.

Nefndin styður því tillöguna og mælir með því að Norðurlandaráð samþykki hana.

Ósló, 25. janúar 2017

Christian Poll (ALT)
Hanna Kosonen (cent), formaður
Ineqi Kielsen (S)
Irene Johansen (A)
Jan Erik Messmann (DF)
Jan Lindholm (MP)

Karin Gaardsted (S), varaformaður
Mikko Kärnä (cent)
Norrænt frelsi (NF)
Staffan Danielsson (C)
Thomas Finnborg (M)